



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
b.t. Gissurar Péturssonar
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 23. maí 2022

2205018SA KB/km
Málalýkill: 00.61

Efni: Tilnefning í starfshóp um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk

Vísað er til erindis félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 13. maí 2022, tilv. FRN22050095/06.25.01, þar sem óskað er eftir tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í starfshóp um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Í erindinu er vísað til 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Í samræmi við munnlegt samkomulag félags- og vinnumarkaðsráðherra og framkvæmdastjóra sambandsins, eru tveir fulltúar tilnefndir í nefndina, þau Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið óskar eftir að fá sent afrit af skipunarbréfi ráðherra.

Gert er ráð fyrir að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu sambandsins vinni á grundvelli stefnumörkunar þess sem er á heimasíðunni www.samband.is og hagi störfum sínum í samræmi við hana eins og við getur átt.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Halldóra Káradóttir, kt. 030365-4379, Naustavör 18, 200 Kópavogur, halldora.karadottir@reykjavik.is
Karl Björnsson, kt. 260457-7649, Smáraríma 112, 112 Reykjavík, karl.bjornsson@samband.is